

Tungumálamennt - Starfstengd tungumálakunnátta - sérsniðið fyrir starfshópa

Hvaða námskeið henta þér eða þinni stofnun?

- Fagorðaforði - geturaðað
- Enska fyrir atvinnulífið- öryggi í talmáli
- Hagnýt málfræði
- Hagnýt danska

Enska - Fagorðaforði - geturaðað

ENS 252: Undanfari ENS 152 eða sambærileg þekking

Markmið

- Að nemandi geti lesið þyngri texta, t.d. texta í dagblöðum og tímaritum eða á netinu, handbækur og starfstengdan texta og sé fær um að nota sér hjálpargögn við lestur eftir því hver tilgangurinn er með lestrinum.
- Að nemandi geti skilið almennt talað mál í samræðum, hvort heldur í fjölmiðlum eða annars konar hlustunarefni, í síma eða beinu samtali við viðmælenda.
- Að nemandi geti sagt það sem hann þarf að segja við algengustu aðstæður í daglegu lífi og starfi og talað með eðlilegum hraða.
- Að nemandi geti skrifað skipulegan texta og skipt í efnisgreinar og geti hagað málnotkun með tilliti til markhóps/viðtakanda (þekki t.d. muninn á formlegu og óformlegu ritmáli).
- Að nemandi geti hagnýtt sér nýjan orðaforða á skapandi hátt.

Námslýsing

Áframhaldandi þjálfun í málnotkun og tjáningu. Undirstöðuatriði símsvörunar kennd og þjálfuð með notkun síma við kennslu. Stuðlað að auknu sjálfstæði nemenda í bréfaskriftum og ritun annars konar texta (t.d. skýrslur og fundargerðir). Notkun hjálpargagna við lestur og ritun. Reynt að nota raunhæf verkefni úr atvinnulífinu með það fyrir augum að auka sjálfstraust þátttakenda við að nota ensku í starfi.

Lengd

42 kst

Enska fyrir atvinnulífið- öryggi í talmáli

Markmið

- Að þátttakendur öðlist meira sjálfstraust við að tjá sig á almennri og starfstengdri ensku.
- Að þátttakendur geti ritað almennan texta sem m.a. tengist vinnu á skrifstofu.
- Að þátttakendur geti á óþvingaðan hátt beðið um og veitt upplýsingar sem tengjast vinnuumhverfi þeirra.

Námslýsing

Lagt er kapp á að auka orðaforða nemenda og þjálfa samskiptafærni þeirra fyrst með almennum æfingum en síðar á námskeiðinu er áhersla lögð á starfstengda ensku. Einnig er lögð áhersla á lestur og skilning á almennum og sérhæfðum textum sem snúa að vinnuumhverfi nemenda til að æfa þá í að taka virkan þátt í umræðum á ensku. Reynt er að nota raunhæf verkefni úr atvinnulífinu með það fyrir augum að auka sjálfstraust þátttakenda við að nota ensku í starfi. Nemendum verður skipt upp í hópa með tilliti til kunnáttu í ensku, áhugasviði og starfsvettvangs. Námið veitir 2 einingar. Um er að ræða áfanga ENS 152 aðlagðan að atvinnulífinu.

Lengd

42 kst

Hagnýt málfræði - íslenska

Markmið

- Að starfsfólk skilji mikilvægi þess að skrifa vandaðan, skýran, einfaldan og lipran texta.
- Að starfsfólk verði hæfara til að skrifa bréf á góðri og vandaðri íslensku.
- Að starfsfólk þekki til helstu reglna um uppsetningu bréfa og fundargerða.

Námslýsing

Farið verður yfir raunhæf textadæmi og bent á hvað betur má fara við miðlun upplýsinga og textasmíð. Tekið verður mið af og æfð uppsetning bréfa út frá viðmiðunarreglum TR og rætt um meðferð tölvupósts. Þá er einnig farið í helstu reglur við ritun fundargerða og samantekt aðalatriða æfð. Fjallað verður um algengar málfarsgildir s.s. í orðanotkun og samræmi í tíðum innan setninga. Rifjaðar verða upp réttitunarreglur, svo sem um stóran og lítinn staf, erfiðar beygingar manna og staðarnafna, heiti stofnana o.fl., svo og reglur um skammstafanir. Bent verður á hjálpargögn, svo sem málfarsbanka á netinu, orða- og réttitunarbækur og ritvilluforrit.

Lengd

8 kst

Hagnýt danska

Markmið

- Að æfa og ná færni í að tala dönsku og ná dönskum framburði. Það er gert með æfingum eins og samtölum, lesa texta á dönsku, nota veraldarvefinn o.fl.

Námslýsing

Námskeiðið hentar þeim sem þurfa að nota dönsku sem talmál í samskiptum vegna vinnu. Hentar einnig þeim sem dvalið hafa í Danmörku og vilja viðhalda kunnáttu sinni og öllum þeim sem vilja ná tökum á talmáli.

Dönskunámskeið þar sem áhersla er lögð á þjálfun talmáls með samtölum og vinnu í litlum hópum. Farið er yfir grunnatriði í málfræði og stafsetningu. Skemmtilegar og líflegar kennslustundir og gott tækifæri fyrir fólk sem þarf að dusta rykið af kunnáttunni og auka sjálfstraustið í að tala dönsku.

Lengd

24/16 kst